



Sam Elliott og Peter Weller í Uppgjörinu sem sýnd er í Laugarásbíói.

# Verðir glæpanna

## Kvikmyndir

Arnaldur Indriðason

**Uppgjörð („Shakedown“). Sýnd í Laugarásbíói.**

**Bandarísk. Leikstjóri: James Gluckenhaus. Helstu hlutverk: Peter Weller og Sam Elliott.**

Lögfræðingurinn Roland Dalton (Peter Weller) stendur á tímamótum. Hann er að hætta hjá fátækrahjálpinni þar sem hann hefur í 14 ár verið mestu úrhök samfélagsins án sýnilegs árangurs og byrjar bráðum á lögfræðistofu tengdababba þar sem öruggur og ríkmanlegur starfsferill bíður hans. Eins og Weller, frægur fyrir að stjórna RoboCop-líkneskinu, leikur Dalton er hann svalur og kaldhæðinn harðjaki sem lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna í vinnunni en hefur hræðilegan smekk fyrir hálstai og er óttalegur ræf-ill heimafyrir. Hann þarf svo sannarlega á töffarahættinum að halda næstu klukkustundirnar því síðasta málið hjá fátækrahjálpinni gæti orðið síðasta málið, punktur.

Hann og vinur hans í löggunni, sem Sam Elliott leikur sífellt órak-aður, dimmraddaður og fámáll, reyna að rekja upp vef spillinga og morða innan lögreglunnar. Hér eru löggurnar verstu morðingjarnir, mútubægnar og seljandi dóp, ekki ein eða tvær heldur allar svo það er til fárra að leita eftir hjálpi. En hver segir að Weller og Elliott þurfi hjálpi?

James Gluckenhaus, leikstjóri hasarmyndarinnar Uppgjörð („Shakedown“) sem sýnd er í Laugarásbíói, er heppinn að hafa þá Weller og Elliott í klisjuhlutverkum félaganna og handritshöfund sem tekur sig ekki of alvarlega því stór partur af sjarma myndarinnar liggur í ákveðnu kæruleysi persónanna gagnvart karlmenskunni sem þeir eiga að geisla af. Þíndu Weller og hann

þegir ekki eins og Rambó (sem þegir yfirleitt hvort sem er) heldur segir frá öllu saman, hann getur verið stórkostlegur í réttarsalnum en einkalífið, ólétt kærasta og gömul kærasta sem hann er aftur farinn að sofa hjá, er allt mjög ótraust og vandræðalegt. Á hann að hætta hjá fátækrahjálpinni og tryggja sér auð og völd hjá tengdó? Þú færð það á tilfinninguna að hann ráði ekki við neitt þessi maður og Weller er glettilega góður þegar hann virðist vera að missa stjórna. Elliott stendur klisjunni nær og getur aldrei verið hallærislegur eins og Weller, ódrepani, þögull og háðskur en hann fær líka líf þegar hann segir gráthlæglega sögu frá fyrstu misheppnuðu ástinni sinni og elskulegum hundinum hennar sem hann drap af slysi — bolti, sleipt parket, opinn gluggi, 13. hæð.

Uppgjörð setur samasemmerki á milli lögreglunnar og dópsala og gerir mjög í því að lýsa vörðum laganna sem vörðum glæpanna án þess að kanna það neitt sérstaklega í dæmigerðum afþreyingarstíl. Gluckenhaus heldur ágætri keyrslu með flestum hefðbundnum þáttum hasarmyndarinnar en hann setur meira í myndina en hún með góðu móti þolir; bílaeltingaleikir, skotbardagar, spilltar löggur, morðóðir dópsalar, krakkæði, fjöru-ugt næturlíf, ofbeldi, réttardrama, banvæn rússbanaferð, jafnvel svoltil rússnesk rúlletta og hápunktur á hápunkt ofan. Með öllu þessu verður myndin sundurlaus og frásögnin slitrött og Gluckenhaus ofkeyrir loks í lokin með fullkomlega ólíkindalegu atriði sem er í engu samræmi við hið tiltölulega auðkyngda „raunsæi“ sem á undan er gengið. Að auki er það sérlega illa gert tæknilega. Ef Uppgjörð er byggð á sönnum atburðum er það örugglega mjög lauslega svo.



## NORRÆNT TÆKNIÁR 1988

# Ráðstefna um tækni og umferðaröryggi

Í TÍLEFNI af Norrænu tækniári efnir Verkfræðingafélag Íslands til ráðstefnu um tækni og umferðaröryggi föstudaginn 7. október. Ráðstefnan verður haldin í A-sal Hótel Sögu og stendur frá kl. 9.00 til 17.30.

Markmið ráðstefnunnar er að sýna fram á mikilvægi tækninnar í þróun umferðaröryggismála.

Í þeirri miklu umræðu, sem verid hefur um umferðaröryggi, hafa umferðarmannvirki og ökutæki orðið nokkuð útundan. Á ráðstefnunni verður fjallað um þessa mikilvægu þætti.

Fengnir hafa verið þrjár erlendir fyrirlesarar og fimm íslenskir.

Bengt Munter, frá Saab-Scania, mun fjalla um blinn með tilliti til umferðaröryggis.

Kurt Hansen, frá Dansk Signal A/S, mun skýra nýjustu möguleika í umferðarljósakerfum.

Ragnar Navare, frá Jarnkonst AB, heldur fyrirlestur um götulýsingu.

Þórarinn Hjaltason, verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg, mun ræða um skipulag aðalgnakerfis og umferðar í borginni með tilliti til umferðaröryggis.


Eymundur Runólfsson, verkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins, mun fjalla um hönnun vega.

Ólafur Sigurðsson, verkfræðingur á Verkfræðistofunni Hönnun, kynnrir vegvísun og merkingar.

Gunnar Ragnarsson, verkfræðingur, fjallar um umferðarljós. Rögnvaldur Jónsson, verkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins, greinir frá þróun vegakerfis með tilliti til umferðaröryggis.

Ráðstefnan er öllum opin, en hún ætti að vera sérstaklega áhugaverð fyrir tæknimenn- og umferðar-nefndir sveitarfélaga, svo og lög-gæslumenn.

Skráning er á skrifstofu Verkfræðingafélags Íslands í síma 688505 milli kl. 9.00 og 13.00.



**100 gr af léttmjólk** innihalda aðeins 46 hitaeiningar. Og það eru verðmætar hitaeiningar, því þeim fylgja mörg mikilvægustu næringarefni. Ef þú vilt greinast, þá er betra að draga úr öðrum og þýðingarminni hitaeiningum.


**Kalk, sem beinin taka upp** á unglingsárunum, nýtist vel seinna t.d. á meðgöngutíma og á efri árum.

**Kalk er nauðsynlegt** til þess að bein og tennur nái fullri lengd, þéttleika og styrk. Kalk í mjólk nýtist vel vegna annarra efna í mjólkinni sem vinna með kalkinu.

**ABB**  
ASEA BROWN BOVERI

**RAFVERKTAKAR -  
RAFVIRKJAR**

Eigum fyrirliggjandi greinitöflur og töfluefni frá **ABB**



**VOLTI**

HF. Vatnagörðum 10 124 Reykjavík Símar 685854/685855